

16. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

HALDIN Á TEAMS, MÁNUDAGINN 14. DESEMBER 2020 KL. 10:00.

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, mánudaginn 14. desember kl.10:00 með fjarfundabúnaði Teams.

Mætt voru: Helena Guttormsdóttir, formaður, Sigríður Finsen, Jónína Erna Arnardóttir, Kristján Sturluson og Brynjar Sigurðarson.

Auk þess sátu starfsmenn SSV fundinn að hluta eða í heild: Ólafur Sveinsson (Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir), Ólöf Guðmundsdóttir (Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir), Helga Guðjónsdóttir (Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir) Sigursteinn Sigurðsson (Stofn- og rekstrarstyrkir og menningarstyrkir), Páll Brynjarsson (allan fundinn) og Svala Svavarsdóttir (allan fundinn) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. FUNDARSETNING

Helena Guttormsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKJA 2021

Atvinnuráðgjafarnir, Ólöf Guðmundsdóttir, Ólafur Sveinsson og Helga Guðjónsdóttir gerðu grein fyrir mati fagráðs á umsóknum um styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknirnar og ræddi mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta kr. 11.970.000 til 17 umsókna en alls bárust 28 umsóknir.

3. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL MENNINGARVERKEFNA OG STOFN- OG REKSTRARSTYRKJA 2021

Úthlutunarnefnd fór yfir allar umsóknir sem bárust í hluta stofn- og rekstrarstyrkja annars vegar og menningarstyrkja hins vegar og ræddu mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta í stofn- og rekstrarstyrki kr. 5.300.000 til 7 umsókna en alls bárust 8 umsóknir í þann hluta. Einnig var samþykkt að úthluta kr. 26.000.000 til 68 umsókna en alls bárust 86 umsóknir í þann hluta.

Jónína Erna Arnardóttir vék af fundi þegar tekin var afstaða til umsókna sem hún var aðili að. Kristján Sturluson vék af fundi þegar tekin var afstaða til umsókna frá Dalabyggð og umsókn sem tengdist hans fjölskyldumeðlims. Sigríður Finsen vék af fundi þegar tekin var afstaða til umsóknar sem tengdist hennar fjölskyldumeðlim.

Kristján Sturluson þurfti að fara af fundi kl. 13:00.

4. ÚTHLUTUNARHÁTÍÐ UPPBYGGINGARSJÓÐS

Rætt um úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Komin var hugmynd að því að halda úthlutunarhátíðina á Akranesi um miðjan janúar 2021 en bíða og sjá hvernig reglur í samkomubanni þróast. Starfsmönnum SSV falið að ákveða tímasetningu og hvort hún verði rafræn eða boðið til hennar á Akraness út frá samkomutakmörkunum sem verða gildandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40.